

Freyja Haraldsdóttir heldur fyrirlestra í framhaldsskólum um málefni fatlaðs fólks



Freyja, sem er mikið líkamlega fötluð ung stúlka, útskrifaðist sem stúdent frá [Fjölbrautaskólanum í Garðabæ](#) í desember 2005 eftir þriggja og hálfis árs nám og var hún dux scholae.

Markmið Freyju með fyrirlestrunum eru m.a. að:

- opna augu nemenda fyrir heimi fatlaðs fólks
- skapa grundvöll umræðu við starfsfólk um skóla fyrir alla
- benda á að með rétttri þjónustu og viðhorfum sé ekkert böf að lifa með fötlun.

Öllum framhaldsskólum verður boðið að fá Freyju í heimsókn í vetur. Freyja mun bjóða upp á sérstaka fyrirlestra fyrir starfsfólk og aðra fyrir nemendur. Fyrirkomulag verður ákveðið í samráði við hvern skóla.

Menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra hafa ákveðið að styrkja Freyju Haraldsdóttur til að heimsækja framhaldsskóla og fræða nemendur og starfsfólk um málefni fatlaðs fólks. Fyrirlestrana nefnir Freyja: **Það eru forréttindi að lifa með fötlun.**

Fyrirlestraröðin hefst formlega í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ fimmtudaginn 5. október nk. kl. 12:00. Menntamálaráðherra opnar að því tilefni vef verkefnisins en auk hennar flytja Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Þorsteinn Þorsteinsson skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ erindi. Freyja segir frá markmiðum sínum með fyrirlestraferðinni.

Ráðstefnan „Menntun í mótun – þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi“

Ráðstefnan verður haldin í ráðstefnusal Orkuveitu Reykjavíkur 26. október nk. Ráðstefnan er liður í þátttöku menntamálaráðuneytis í verkefnum á vegum Evrópusambandsins sem lúta að umbótum á menntakerfum Evrópu til ársins 2010. Undanfarna mánuði hafa fimm umræðuhópar verið að störfum og rætt stöðu mála á Íslandi á nokkrum sviðum menntamála og framtíðarhorfur í ljósi þróunar í Evrópu.

Hóparnir hafa fjallað um eftirfarandi þætti:

- 1) umbætur í málefnum háskóla
- 2) breytingar í starfi og menntun kennara
- 3) eflingu náms í stærðfræði, vísindum og tækni
- 4) notkun upplýsingatækni í skólastarfi
- 5) nýjar áherslur í mati á námi.

Hóparnir endurspegla vinnuhópa sem ráðuneytið tekur þátt í á evrópskum vettvangi á vegum ESB. Á ráðstefnunni kynna umræðuhóparnir niðurstöður sínar og leita eftir viðbrögðum ráðstefnugesta.

Fjöldi ráðstefnugesta er takmarkaður og er mikilvægt að skrá þátttöku. Skráðir þátttakendur fá send gögn á rafrænu formi um niðurstöðu hópanna fyrir ráðstefnuna.

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands sér um framkvæmd ráðstefnunnar fyrir hönd menntamálaráðuneytis og skal tilkynna þátttöku þangað eigi síðar en 11. október 2006 á tölvupóstfang: rthi@hi.is eða í síma: 525 4900.

Samningur menntamálaráðuneytis og RÚV um útvarpsþjónustu í almannabágu

Menntamálaráðherra og útvarpsstjóri kynntu þann 28. september sl. [drög að samningi](#) um útvarpsþjónustu í almannabágu. Hlutverk samningsins er að skilgreina og lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þær kröfur sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins á grundvelli þess frumvarps sem lagt verður fram á fyrstu dögum þingsins. Gert er ráð fyrir að hann taki gildi samhliða breyttu rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Í samningnum er skilgreint hvaða kröfur eru gerðar til RÚV er varðar hljóðvarps- og sjónvarpsþjónustu á textavarp og veraldarvefnum, menningararf, sjónvarps- og hljóðvarpsdreifingu og þær upplýsingar sem koma eigi fram í ársskýrslu. Þá er gerð ítarleg grein fyrir því með hvaða hætti RÚV skuli halda fjármálum og bókhaldi aðskildu milli þeirrar starfsemi sem varðar útvarpsþjónustu í almannabágu og þess sem er í samkeppnisrekstri. Er gert ráð fyrir því að samningurinn sé til fimm ára. Helstu nýmæli í samningnum er stórukin áhersla á íslenskt efni. Er mælt fyrir um það í samningnum að hlutfall íslensks efnis á kjörtíma aukist um tæp 50% á samningstímanum.

Þá mun fjöldi textaðra klukkustunda aukast um 100% frá upphafi samningstímabilsins til loka þess. Þá er stefnt að því að öll forunnin innlend dagskrá verði textuð í lok samningstímabilsins. RÚV mun jafnframt gegna veigamiklu hlutverki í að styrkja og efla nýsköpun í dagskrágerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Í samningnum skuldbindur RÚV sig til að

gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsþjónu, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru sjónvarpsþjónu og verja til þess að lágmarki 150 milljónum króna á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 milljónir króna og verður við lok samningstímabilsins 250 milljónir. Þá er stefnt að því á samningstímanum að ná heildarsamkomulagi við réttihafa um viðtækari notkun á eldra safnaefni til að gera það aðgengilegra almenningi.

Þjónustusamningar hafa verið gerðir við ríkisfjölmiðla í ýmsum Evrópuríkjum. Má nefna lönd eins og Danmörku, Svíþjóð, Belgíu, Frakkland og Írland. Verið er að undirbúa slíka samninga í fleiri löndum þar sem ríkarí krafa er nú gerð um að útvarpsþjónusta í almannabágu sé vel skilgreind og haldið aðskilinni frá starfsemi í samkeppnisrekstri.

70% nýtskrifaðra kennara fara strax að kenna

Brottfall úr kennarastéttinni hefur farið minnkandi og á tímabilinu 2000-2005 er það minna meðal kennara í grunnskólum og framhaldsskólum en meðal kennara í leikskólum. Rúmlega 70% nýtskrifaðra kennara fara að kenna strax að námi loknu. Hæst er hlutfallið hjá leikskólakennurum, rúmlega 81%, en nokkru lægra hjá grunnskólakennurum eða tæp 76%. Rúmlega 86% leikskólakennara sem útskrifuðust fyrir 5 árum eru að störfum haustið 2005, samanborið við tæplega 70% grunnskólakennara og rúm 54% faggreinakennara.

Heimild: [Hagstofa Íslands](#)

